

**AUGLÝSING****um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Súðavíkurkaupþúni,  
Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. september 1974 staðfest skipulagsuppdrátt af Súðavíkurkaupþúni, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1974.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

9. september 1974.

Nr. 277.

**AUGLÝSING****um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri  
nr. 11 6. jan. 1966 sbr. auglýsingu nr. 314/1973.**

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00 og á föstudögum eigi síðar en kl. 19.00, enda beri þessa daga ekki upp á helgi- eða frídaga sbr. 4. gr.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1974.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

9. september 1974.

Nr. 278.

**REGLUGERÐ****um dragnótaveiðar.**

1. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskrí fiskveiðilandhelgi, er alls óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem komið gæti í þeirra stað til útpenslu vængjanna.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, sett nánari reglur um gerð og stærð dragnóta á hverju veiðisvæði.